AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski frá 1. janúar til 31. maí 1972.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1972.

	US cent á lb. cif.
Þorskur:	
4 × 14 m.r. interl.	41.00
8 × 7 r.l.	37.31
10×5 eða 3×18 eða 4×12½	52.28
5 × 10	55.04
4 × 15	56.89
12 × 1	54.53
Blokk	47.15
Blokk 24½ (yfirstærð)	48.18
Ýsa:	
4 × 14 m.r. interl.	55.97
10 × 5 eða 3 × 18	60.58
12 × 1	62.83
Blokk	48.18
Steinbítur:	
10 × 5	64.99
12 × 1	69.09
Blokk	51.25
Karfi:	
8 × 7 m.r.	32.54
10 × 5 m.r.	31.98
10 × 5 r.l.	42.13
12 × 1	44.38
Blokk	39.98
Ufsi:	
8 × 7 r.l.	27.13
10 × 5	28.29
Blokk	32.80
Langa:	
8 × 7 r.l.	29.64
10 × 5	49.30
Blokk	39.98

Grálúða:	US cent á lb. cif.
Heilfr.	28.50
Blokk	37.20
Heilfr. fiskur	14.06

Verðbil verði 2.5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. janúar 1972.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

Nr. 35. 2. febrúar 1972.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jónasar Oddssonar, læknis, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. febrúar 1972. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jónasar Oddssonar, læknis.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jónasar Oddssonar, læknis.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af systkinum Jónasar Oddssonar, læknis á Akureyri, sem lézt að heimili sínu þar í bæ 11. júlí 1971, 39 ára að aldri. — Stofnframlag sjóðsins er kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónur —. Sjóðinn skal ávaxta á þann hátt, sem stjórn hans telur hyggilegt hverju sinni.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins, stofnframlag og það, sem við hann bætist, má aldrei skerða. Það fé, sem sjóðnum kann að áskotnast með gjöfum, áheitum, sölu minningarspjalda, eða á annan hátt skal leggjast við höfuðstólinn. Vöxtum einum má ráðstafa í því skyni að fullnægja markmiði sjóðsins skv. 4. gr. Stjórn sjóðsins ákveður hversu stórum hluta vaxtanna skuli verja í þessu skyni hverju sinni.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styðja líknarstarfsemi á Norðurlandi. Stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni, hvernig ráðstöfunarfé sjóðsins verði varið, enda fari sú ákvörðun ekki í bága við markmið sjóðsins. Að jafnaði skal úthlutun ráðstöfunarfjár fara fram á fæðingardegi Jónasar Oddssonar 21. febrúar ár hvert. Heimilt er að veita einstaklingum og félagssamtökum styrki úr sjóðnum, svo og sjúkra- og líknarstofnunum o. s. frv.